

Reykjavík, 29. mars 1983.

Útvarpsráð  
Skúlagötu 4,  
Reykjavík.

Ég undirrituð vil leyfa mér fyrir hönd kvennalistans að mótmæla ákvörðun Útvarpsráðs á fyrirkomulagi kosningasjónvarps og útvarps vegna Alþingiskosninga þann 23. apríl n.k.

Sankvæmt ákvörðun Útvarpsráðs fær V-listinn við framboðskynningu í sjónvarpi þann 11. 12. og 13. apríl n.k. aðeins 15 mínútur til umræða, meðan flokkarnir fá til umræða 20 mínútur hver. Hinn 22. apríl, daginn fyrir kosningar, fara fram hringborðsumræður í sjónvarpi og fær kvennalistinn þar engan fulltrúa, en formenn flokkanna fá þar einir að ræða málin. Í hljóðvarpi hefur verið ákveðið að fulltrúar kvennalista fái að sitja fyrir svörum féttamanna í 15. mínútur, meðan flokkarnir fá til þess 20 mínútur. Er þessi ákvörðun um skertan tíma V-listans í sjónvarpi og útvarpi rökstudd með því að V-listinn bjóði ekki fram í öllum kjördæmum og í því efni vísað til fordæma.


Það er einkum sú ákvörðun Útvarpsráðs að hafa fulltrúa frá kvennalista ekki með í hringborðsumræðum kvöldið fyrir kjördag sem ég vil mótmæla. Tel ég hér vera um að ræða brot á 3. gr. útvarpslaga, en í 3. mgr. 3. gr. segir svo: „Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum félögum og einstaklingum.“

Með ákvörðun sinni er Útvarpsráð að skerða mannréttindi kjósenda með því að meina fulltrúum kvennalista að koma að sínum sjónarmiðum, þannig að kjósendur geta ekki kynnt sér málstað allra framboðsaðila.

Á það skal bent, að þótt V-listinn bjóði aðeins fram í 3 kjördæmum af 8 eru kjósendur í þeim kjördæmum llo.206, en kjósendur á landinu öllu eru 153.956 (skv. tölum Hagstofu úr kjörskrá), þannig að hér er um að ræða mál sem snertir 72% allra kjósenda.

Meðferð Útvarpsráðs á máli þessu er skýrt dæmi um þá miðstýringu og flokkseinræði þeirra aðila sem setið hafa á þingi. Pólitísku flokkarnir ráða ekki aðeins yfir þeim dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi, heldur tryggja þeir einnig völd sín í ríkisfjölmiðlum með setu í Útvarpsráði, og snúa bökum saman þegar þeirra hagsmunir eru í húfi. Þeir reyna eins og þeir geta að gera nýjum framboðum erfitt fyrir í alla staði, og víla jafnvel ekki fyrir sér lögbrot í þeim tilgangi.

Fyrir hönd kvennalistans  
í Reykjavík,



Lára V. Júlíusdóttir  
umboðsmaður listans.